

Umsögn v. Rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Mál 202. 148.löggjafarþing

20.mars 2018

Góðan daginn.

Sesselja heiti ég og er að verða 33 ára gömul.

Ég hef notað veip í um 3 ár núna og hef ég algerlega losnað undan sígarettupúkanum. Ég reykti a.m.k. pakka á dag frá 16 ára aldri, en eftir að ég kynntist veipinu þá hef ég ekki minnstu löngun í sígarettu.

Faðir minn notar einnig veip og hefur notað það í svipaðan tíma og ég. Hann var reykingamaður í yfir 40 ár og var búin að reyna flestar aðferðirnar til að hætta að reykja en án árangurs. Svo kynntist hann veipinu og hefur ekki snert tóbak síðan.

Veipið hefur hjálpað fjölda Íslendinga til að hætta að reykja sem og fjölda fólks um allan heim, sem ég myndi telja að væri mjög jákvætt þar sem nýjustu ransóknir benda til töluvert minni skaðsemi við notkun rafrettna heldur en tóbaksreykinga. Finnst mér ekki litið nægilega vel í þær ransóknir.

Vissulega er ég sammála um að það gildi lög og reglur á rafrettum eins og tóbaki, en fælum ekki fólk frá skaðminni kosti en sígarettunum.

Sesselja Guðmundsdóttir